

Deildarstjóri og leikskólakennari óskast

Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir deildarstjóra í 100% stöðu, í tímabundna ráðningu, frá 1. desember 2018 með möguleika á fastráðningu vegna stækkunar leikskólans. Einnig óskast leikskólakennari í 100% stöðu í ótímabundna ráðningu, sá þarf að geta hafið störf sem fyrst. Einnig kemur til greina að ráða í hlutastarf. Í leikskólanum starfar samstillt, glaðlynt og metnaðarfullt starfsfólk og mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda og vellíðan barna. Auk þess er mikil og góð samvinna á milli leikskólans og grunnskólans Bláskógaskóla í Reykholti. Álfaborg er 2ja deilda leikskóli og er staðsettur til bráðabirgða í tveimur húsum í Reykholti, Biskupstungum, þ. á m. með aðalaðsetur í Bláskógaskóla. Nýtt húsnæði leikskóla er í smíðum og er áætlað að taka það í notkun haustið 2019.

- Vakín er athygli á að álagsgreiðslur eru í boði.
- Möguleiki er á að útvega leiguhúsnæði í nágrenninu.

Deildarstjóri

Helstu verkefni:

- Ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati á starfi deildarinnar
- Vinnur að uppeldi og menntun barna
- Foreldrasamstarf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslensku kunnátta
- Sjálfstæði frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi
- Ánægja af því að starfa með börnum
- Reynsla er æskileg

Leikskólakennari

Helstu verkefni:

- Vinnur að uppeldi og menntun barna
- Vinnur að faglegu starfi og samvinnu innan skólans
- Foreldrasamstarf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslensku kunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi
- Ánægja af því að starfa með börnum

Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er heimilt að ráða annan í stöðuna. Starfið hentar jafnt körlum sem konum. Nánari upplýsingar um starfið veitir Lieselot Simoen, leikskólustjóri í síma 480 3045. Umsóknir sendast á netfangið lieselot@blaskogabyggd.is

Umsóknarfrestur er til 4. nóvember 2018.